

Ed.

241. Frumvarp

til laga um verzlunar- og siglingasamninga.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

1. gr.

Þau lönd, sem samkvæmt gildandi verzlunar- og siglingasamningum láta Ísland njóta beztu kjara hjá sér, skulu hér á landi njóta þeirrar aðstöðu um aðflutningsgjöld af vörum, sem flytjast hingað frá þeim löndum, og um skipagjöld af skipum, sem þar eru skrásett og sigla undir fána þeirra, svo og um önnur slík gjöld, að þau verði innheimt með þeirri upphæð einungis, sem tilgreind er í gildandi íslenskum lögum, reglugerðum og gjaldskrám.

Sömu aðstöðu er íslensku stjórninni heimilt að veita með samningi eða á annan hátt þeim löndum, er samkvæmt gildandi verzlunar- og siglingasamningum láta Ísland njóta slíkra kjara, sem íslenska stjórnin telur eigi óhagstæðari fyrir Ísland en almenn beztu kjara ákvæði.

2. gr.

Nú eru eigi gildandi verzlunar- og siglingasamningar við eitthvert land með þeim hætti, er segir í 1. gr., og skal þá innheimta og greiða öll gjöld, er um getur í 1. gr., af vörum, sem flytjast hingað frá því landi, og af skipum, sem skrásett eru í því landi og sigla undir fána þess, með þrefaldri þeirri upphæð, sem tilgreind er í íslenskum lögum, reglugerðum og gjaldskrám.

3. gr.

Nú standa yfir málaleitanir um nýja verzlunar- og siglingasamninga, þegar svo er ástatt, sem segir í 2. gr., og er íslensku stjórninni þá heimilt að ákveða, að

umrædd gjöld skuli innheimta og greiða samkvæmt ákvæðum 1. gr., meðan þær málaleitanir standa yfir, þó aldrei lengur en 4 mánuði frá því, er byrja þar að innheimta og greiða gjöldin með þrefaldri upphæð samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð þau ákvæði, er þurfa þykir, vegna framkvæmdar þessara laga, svo sem um upprunavottorð og um meðferð á gegnumfluttum vörum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Verzlunar- og siglingasamningar þeir, sem í gildi eru milli Íslands og annara landa, munu af Íslands hálfu allir vera byggðir á beztu kjara reglunni. Hins vegar vantar alveg í íslenska löggjöf ákvæði um það, hveirra kjara þau lönd skuli njóta um viðskipti sín hér á landi, sem ekki búa við slíka samninga gagnvart oss. Í framkvæmdinni hafa allir hingað til notið hér beztu kjara, hvort sem samningar stóðu til eða ekki.

Þetta ástand gerir aðstöðu íslensku stjórnarinnar og samningamanna hennar í samningum við aðrar þjóðir óhæfilega veika, og hefir þetta að mínu áliti komið afarberlega í ljós í málaleitunum þeim um endurnýjun verzlunar- og siglingasamnings við Noreg, sem yfir stóðu árið sem leið. Virðist því nauðsyn að fyrirbyggja það með viðeigandi lagaákvæðum, að það komi fyrir oftar, að vér getum ekki notið þeirrar aðstöðu í slíkum samningum gagnvart öðrum þjóðum, sem eðlileg er eftir verzlunarviðskiptum vorum við þær.

Hjá öðrum þjóðum er það alsíða nú á tímum að hafa tvo eða þrjú mismunandi taxta á tollum og gjöldum, og gildir þá lægsti taxtinn venjulega fyrir þá eina, sem njóta beztu kjara samkvæmt gildandi samningum. Hér er stungið upp á að gera taxtana einungis tvo, og virðist að svo stöddu mega bjargast við það.